

Lagabreytingatillaga frá stjórn HRFÍ

Eins og greinin stendur í lögum félagsins í dag:

b) Börn fullgildra félagsmanna geta fengið aukaáðild að félaginu að uppfylltum skilyrðum 5. greinar um félagsáðild. Aukaáðild veitir rétt til þátttöku í öllu starfi félagsins. Aukaáðild veitir þó hvorki kosningarrétt né kjörgengi, hvorki á aðalfundi né á ársfundum deilda að Unglingadeild undanskilinni. Gjald fyrir aukaáðild skal vera helmingur af félagsgjaldi.

Breytingatillaga:

b) Börn geta fengið félagsáðild að uppfylltum skilyrðum 5. greinar um félagsáðild. Félagsáðild veitir rétt til þátttöku í öllu starfi félagsins. Félagsáðild veitir þó hvorki kosningarétt né kjörgengi, hvorki á aðalfundi né á ársfundi deilda. Gjald fyrir félagsáðild barna skal vera 0.-kr.